

Aftan við 4. mgr. 8. gr. bætist:

Bréfið skal því næst sent atvinnumálaráðuneytinu, er endursendir það lögreglustjóra með áritaðri staðfestingu, ef það telur rétt að veita málmgrafterleyfi. Ráðuneytið getur bundið leyfið þeim skilyrðum, sem það telur þurfa.

3. gr.

Á eftir orðunum „Eigi má“ í upphafi 5. mgr. 8. gr. komi: lögreglustjóri.

4. gr.

Aftan við síðustu málsg. 8. gr. bætist: þegar ráðuneytið hefir staðfest það.

5. gr.

Eigi má selja eða leigja námuréttindi í landareignum kaupstaða, hreppsfélaga, sjóða né opinberra stofnana, nema til þess sé fengið samþykki atvinnumálaráðuneytisins. Eru allar ráðstafanir í þessu efni ógildar gagnvart eigendum námuréttindanna, þangað til samþykki ráðuneytisins er fengið.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 2. september 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjalda í Norðurálfi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að vegna ótta manna við yfirvofandi styrjöld í Norðurálfi, verði óhjákvæmilegt, að ríkisstjórnin geti haft hönd í bagga með úthlutun á vörubirgðum í landinu, ef til kemur, þannig, að einstakir menn geti ekki birgt sig upp, en aðrir lendi í vöruskorti. Verðum Vér að telja, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, er veiti ríkisstjórninni nauðsynlegt vald í þessu efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til, ef almenningsheill krefur, að setja fyrirmæli um sölu og úthlutun á nauðsynjavörum, sem til eru í landinu eða fluttar verða inn,

meðan mikil hætta telst á, að styrjöld brjótist út í Norðurálfu, og meðan hún stendur 108
yfir, ef hún brýzt út. Fyrirmæli þessi má einnig setja fyrir einstök byggðarlög eða 28. sept.
kaupstaði, ef eigi telst þörf á, að þau taki til alls landsins. Enn fremur heimilast ríkis-
stjórninni, ef hún telur þess brýna nauðsyn, að taka eignarnámi matvæli, eldsneyti
eða aðrar einstakar nauðsynjavörur hjá kaupmönnum, kaupfélögum, framleiðend-
um eða öðrum. Ofangreind fyrirmæli um sölu og úthlutun á nauðsynjavörum taka
jafnt til úthlutunar á vörum í heildsölu til kaupmanna og kaupfélaga, sem til úthlut-
unar í smásölu til einstaklinga.

Ríkisstjórnin ákveður, hverjar vörur skuli teljast nauðsynjavörur samkvæmt
þessari grein.

2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveður með reglugerð eða reglugerðum
hvort, hvenær og hvernig gera skuli framangreindar ráðstafanir. Getur hún sett í þær
þau ákvæði um sektir og málsmeðferð út af brotum á þeim, sem þurfa þykir.

Til þess að standast kostnað við ráðstafanir þær, sem um ræðir í þessari grein,
má verja fé úr ríkissjóði.

3. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur, að viðlögðum allt að 100 króna dag-
sektum, krafist þess, að einstakir menn eða félög gefi því þær skýrslur um vöru-
birgðir sínar og vöruþörf, sem því þykir þurfa til framkvæmdar ráðstöfunum þeim,
sem heimilaðar eru í lögum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. september 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátæigenda.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og
Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og
Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Við framkvæmd laga nr. 99, 3. maí 1935 um skuldaskila-
sjóð vélbátæigenda var fylgt þeirri aðalreglu, að vélbátæigendur, sem lán
fengu úr sjóðnum náðu jafnframt samningum um allar fjárkröfur, sem á þeim
hvildu, þegar skuldaskilin fóru fram. Frá þessu var þó sú undantekning, þegar
um fiskveiðasamvinnufélög var að ræða, að þá var aðeins samið um greiðslu
á skuldum sjálfra félaganna, sem skuldaskil fengu, án þess að skuldir félags-